

Mál nr. 370/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss (orsakatengsl).****Gögn.**

133. Málskot, móttakið 9.8.2012, ásamt fylgigögnum.

134. Bréf X, dags 29.10.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 16.4.2010 var M farþegi í framsæti bifreiðarinnar A er henni var ekið aftan á aðra bifreið á Hringbraut við Nauthólsveg. Í lögregluskýrslu segir að nokkuð mikið sjáanlegt tjón hafi verið framan á A en ekki eins sýnilegt tjón aftan á bifreið þeirri sem A var ekið aftan á. M var flutt með sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Við komu á deildina kvartaði M undan miklum verkjum í hálsi, brjósthrygg og mjóbaki auk þess að hafa verið í miklu uppnámi. Engin áverkamerki sáust við röntgenrannsókn. Var M greind með tognun í háls-, brjóst- og lendhrygg. Hún var svo útskrifuð á verkjalyfjum. Hinn 19.4.2010 leitaði M á heilsugæslustöð og var þá stíf að sjá í baki og með eymsli í vöðvum í hálsi og herðum. Hún fékk ráðleggingar um verkjalyfjanotkun og léttu hreyfingu og fékk vottorð um óvinnufærni 19.-23.4.2010. Jafnframt kom fram að M hafi leitað á heilsugæslustöðina vegna kvartana um óþægindi í hálsi eftir að hún lenti í árekstri 7.4.2004. Síðast hafi verið minnst á óþægindi í hálsi við komu í ágúst 2006. M leitaði á aðra heilsugæslustöð 3.5.2010 vegna versnandi verkja niður með hálsi og niður hægri handlegg að úlnlið og einnig í mjóbaki án útleiðslu. Var henni vísað í sjúkraþjálfun og gefin verkja- og bólgulyf.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X. X aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna við áreksturinn, en samkvæmt þeim útreikningi var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A 2,09g og hinnar bifreiðarinnar 0,89g. M.a. með vísan til þessara útreikninga og annarra gagna málsins hafnaði X bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum þykir ljóst að A var ekið aftan á aðra bifreið í umrætt sinn og M hafi þá verið farþegi í A. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X að því marki sem hún hefur orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Útreikningar þeir sem X aflaði um þyngdarhröðun bifreiðanna eru haldnir tilteknum ágöllum þannig að á þeim verður ekkert byggt varðandi sönnunarfærslu í málinu. M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans og einnig annarra lækna þar sem hún lýsti verkjaástandi sínu sem hún telur að rekja megi til árekstursins. Á hinn bóginn liggur engin matsgerð fyrir í málinu um afleiðingar slyssins fyrir M og að teknu tilliti til fyrri sjúkrasögu hennar. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 13. nóvember 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.